

Fundargerð

36. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 6. september 2013 kl. 13:00 að Borgartúni 12 – 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson

Ennfremur sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð 35. fundar lögð fram og samþykkt.

Ólafur Egilsson óskaði eftir að gerð yrði lagfæring á fundargerð 34. fundar frá 19. apríl sl. fallið hafi niður eftirfarandi setning í lok umræðu 2. liðar.

"Rætt var um þann fyrirvara á landnotkun á Hólmsheiði sem setur takmörkun á ræktun og þróun útivistar þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarstaðsetningu nýs innanlandsflugvallar. Svæðisskipulagsnefnd er sammála að tímasetja þennan fyrirvara til ársins 2016. Fram kom að eðlilegt og æskilegt væri að flýta ákvörðuninni eftir föngum, líka í ljósi vinnu við skipulag Vatnsmýrarsvæðisins."

Niðurstaða:

Fundargerð 34. fundar breytt og send á aðildarsveitarfélög.

2. Tillaga að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar

Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi. Breytingartillaga hefur borist frá Ólafi Egilssyni og Ragnhildi Ingólfssdóttur.

Niðurstaða:

Tillaga að nýjum starfsreglum svæðisskipulagsnefndar samþykktar með breytingum.

3. Fundaáætlun svæðisskipulagsnefndar veturinn 2013-2014.

Lögð fram.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

- 4. Nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 - 2040, kynning á framvindu.**
Ráðgjafateymi gerði grein fyrir framvindu verkefnisins og næstu skrefum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50.